

SÝN STÚDENTARÁÐS Á ÍSLENSKT SAMFÉLAG

Stúdentaráð vill að Ísland verði að þekkingarþjóðfélagi í fremstu röð og vill að stjórnvöld leggi aukna áherslu á menntun. Það er trú Stúdentaráðs að þekking og rannsóknir séu lykilþættir í því að efla íslenskt samfélag og gera það samkeppnishæft á alþjóðagrundvelli. Aukin menntun á að vera forgangsverkefni hjá íslensku þjóðinni, því menntun er forsenda hagvaxtar og framfara og þar með betri lífskjara allra landsmanna. Stúdentaráð leggur áherslu á nokkur atriði til þess að markmiðinu um þekkingarþjóðfélag verði náð og þau atriði eru sett fram hér til þess að undirstrika mikilvægi þeirra og gera menntamál að kosningamáli.

ÁSKORUN Á STJÓRN MÁLAFLOKKANA

Stúdentaráð skorar á stjórn málaflokkana sem bjóða fram til Alþingis að gera stefnumál ráðsins að sínum og berjast þannig fyrir betra samfélagi.



STÚDENTARÁÐ VILL ÖFLUGAN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Stúdentaráð krefst þess að stuðlað verði að örri uppbyggingu menntakerfisins á Íslandi og hlúð sérstaklega að Háskóla Íslands, þjóðskólanum og flaggskipi menntunar á Íslandi. Nýr rannsóknar- og kennslusamningur menntamálaráðherra og Háskólans frá 11. janúar síðastliðnum er liður í því að stórefla HÍ og Stúdentaráð leggur áherslu á að staðið verði við hann. Samningurinn er þó bara skref í rétta átt og mætir ekki að fullu þeim fjárskorti sem Háskólinn býr við. Stúdentaráð vill hærri fjárframlög til Háskóla Íslands og þá sérstaklega til þeirra deilda sem búa við mestan fjárskort, en slíkur skortur bitnar á kennslunni og aðbúnaði stúdenta. Einnig þarf að bæta verulega tengsl atvinnulífs og Háskóla Íslands, en stjórnvöld gætu ýtt undir slíkt samstarf t.d. með því að veita fyrirtækjum og stofnunum sem styðja við menntakerfið skattaafslátt.

STÚDENTARÁÐ HAFNAR SKÓLAGJÖLDUM

Stúdentaráð hafnar skólagjöldum á öllum námsstigum í opinberum háskólum. Það er gríðarlega mikilvægt að allir geti haft aðgang að æðri menntun óháð efnahagsstöðu. Skólagjöld mismuna fólki og skerða jafnrétti til náms. Enginn vafi er á því að ef skólagjöld yrði tekin upp myndu færri sækja sér háskólamenntun, sem aftur myndi lækka menntunarstig þjóðarinnar. Einnig er augljóst að færri myndu sækja í nám gefur ekki endilega af sér háar tekjur en það myndi t.d. hafa slæmar afleiðingar fyrir menningu okkar og þjóðarar.

STÚDENTARÁÐ VILL AÐ SAMKEPPNISSTAÐA HÁSKÓLANNA VERÐI LEIÐRÉTT

Stúdentaráði finnst ólíðandi að einkareknu háskólarnir fái sama framlag frá ríkinu og opinberu háskólarnir og innheimti auk þess skólagjöld. Stór hluti stúdenta í einkareknu háskólunum tekur lán fyrir skólagjöldunum hjá LÍN og þar sem námslánin eru á afar hagstæðum vöxtum fær ríkið aðeins um helming þeirra til baka. Ríkið fjármagnar því skólagjöldin að stórum hluta sem þýðir að einkareknu háskólarnir fá í raun meiri pening frá ríkinu en þeir opinberu. Þessi munur gerir það að verkum að skólarnir keppa ekki á jöfnum grundvelli. Stúdentaráð vill að samkeppnisstaða skólanna verði leiðrétt með því að hækka ríkisframlag til opinberu háskólanna um það sem nemur skólagjöldum hjá einkareknu skólunum.

STÚDENTARÁÐ VILL AÐ BÚIÐ VERÐI BETUR AÐ ÞJÓÐARBÓKHLÖÐUNNI

Stúdentaráð vill stórefla bókakost þjóðarbókhöðunnar en síðustu ár hefur hann alls ekki verið nægilega góður og hefur það bitnað harkalega á mörgum stúdentum. Stúdentaráð vill að þjóðarbókhöðunni verði tryggt það fjármagn sem hún þarf til þess að standa straum af kostnaði við kaup á fræðibókum, tímaritum og aðgangi að gagnasöfnum. Sá peningur á að koma beint frá ríkinu í stað þess að deildir Háskólans sjái sjálfar um að úthluta peningum, sem þær eiga oft varla til, í bókakaup eins og þær hafa gert síðustu ár. Stúdentaráð vill einnig að opnunartími safnsins verði lengdur og hann tryggður til frambúðar en ekki einungis eitt ár í einu.

STÚDENTARÁÐ VILL VIRKT GÆÐAMAT

Stúdentaráð vill virkt gæðamat á kennslu og rannsóknir. Stúdentar sem hyggja á nám við háskóla hérlendis eiga ekki að þurfa að velja sér nám út frá auglýsingabæklingum eða almannarómi, heldur verða þeir að eiga þess kost að skoða opinberar úttektir á gæðum allra háskóla og jafnframt samanburð á íslenskum skólum og þeim bestu erlendis. Í lögum um háskóla, sem samþykkt voru í júní 2006, er fjallað um gæðamat á kennslu og rannsóknunum og Stúdentaráð fer fram á að þeim lögum verði fylgt eftir og gott betur.

STÚDENTARÁÐ VILL JAFNRÉTTI KYNJANNA Á VINNUMARKAÐI

Nær allir sem útskrifast úr Háskóla Íslands hefja störf á innlendum vinnumarkaði, auk þess sem flestir vinna eitthvað með námi, annað hvort á sumrin eða allt árið. Í ljósi þess er það mikið hagsmunamál fyrir stúdentana að launamun kynjanna verði útrýmt og krefst Stúdentaráð þess að stjórnvöld beiti sér fyrir því af krafti. Að auki má benda á að margir stúdentar HÍ hefja störf hjá hinu opinbera að námi loknu en mörg þau störf eru illa launuð, eins og t.d. störf hjúkrunarfræðinga og framhaldsskólakennara. Stúdentaráð skorar því einnig á stjórnvöld að hækka laun háskólamenntaðra sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum.

STÚDENTARÁÐ VILL AÐ STÚDENTAR GETI LEIGT SÉR ÍBÚÐIR

Mikill skortur er á stúdentaíbúðum og vegna skorts á byggingarlóðum hefur uppbygging þeirra ekki haldið í við fjölgun stúdenta. Því fjölga stúdentum á biðlista eftir íbúð á hverju ári. Leiguverð á almennum markaði hefur rokið upp síðustu ár en húsaleigubætur hafa ekkert hækkað á sama tíma. Það er því þrautin þyngri fyrir stúdentana á námslánunum að leigja íbúð og er ástandið orðið óviðunandi. Stúdentaráð krefst þess að húsaleigubætur verði hækkaðar og stúdentum verði auðveldaður aðgangur að ódýru leiguhúsnæði. Stúdentaíbúðir og annað félagslegt húsnæði á að vera rekið utan við ólgusjó verðbólgu sem hefur gert fjármögnun og rekstur þeirra afar erfiðan á undanförunum árum. Tryggja þarf lánsfé til uppbyggingar stúdentaíbúða á hagstæðum lánskjörum óháð verðbólguþekkingu sem setja rekstur þeirra í stórhættu.

LÁNASIÓÐSMÁL

STÚDENTARÁÐ VILL HÆRRI NÁMSLÁN

Námslánin frá LÍN eru allt of lág og endurspeglar á engan hátt raunverulega framfærsluþörf stúdenta. Full námslán eru t.d. bæði lægri en atvinnuleysisbætur og lágmarkslaun á vinnumarkaði. Stúdentaráð krefst þess að námslánin hækki til þess að stúdentar geti raunverulega lífað á þeim. Stúdentaráð gerir einnig þá sjálfsögðu kröfu að námslánin haldi í við verðbólgu, en oftast er ekki er það raunin að námslánin lækka að raunvirði vegna hárrar verðbólgu. Einnig þarf að afnema tekjuskerðingu námslána, bæði til þess að auðvelda fólki að hefja nám eftir að hafa verið á vinnumarkaði og til þess að refsa ekki stúdentum sem eru duglegir að vinna á sumrin eða með skóla. Skráningargjöldin við Háskóla Íslands eru ekki lánsþæf og því þarf að breyta.

STÚDENTARÁÐ VILL AÐ HLUTI NÁMSLÁNA BREYTIST Í STYRK AÐ NÁMI LOKNU

Á öllum Norðurlöndunum nema Íslandi fá stúdentar styrk fyrir að stunda nám. Stúdentaráð vill að Íslendingar taki skref í rétta átt með því að hluti námslána breytist í styrk um leið og fólk útskrifast. Það fyrirkomulag hvetur stúdentana til þess að klára námið sitt og minnkar hina þungu endurgreiðsluþyngi sem hvílir á þeim eftir nám.

STÚDENTARÁÐ VILL AUKINN SVEIGJANLEIKA Í NÁMSLÁNAKERFIÐ

Stúdentaráð fer fram á að stúdentar fái lán í samræmi við þær einingar sem þeir ljúka og krafan um 75% námsárangur verði afnumin. Margir stúdentar kjósa að vera í hlutanámi og það er óréttlátt að þeir eigi ekki kost á að fá námslán. Einnig þarf Lánasjóðurinn að taka auknið tillit til

sérstakra aðstæðna stúdenta, s.s. vegna veikinda, fötlunar og barnsburðar. Um þriðjungur stúdenta við Háskóla Íslands eru foreldrar og nauðsynlegt er að þeir fái aukið svigrúm þegar kemur að því að uppfylla kröfur Lánasjóðsins.

STÚDENTARÁÐ VILL AFNEMA ÁBYRGÐARMANNAKERFI NÁMSLÁNA

Ábyrgðarmannakerfi LÍN leiðir til ójafnréttis þar sem þeir sem ekki geta fundið ábyrgðarmann þurfa að greiða 2,5% af lánum sínum sem þóknun til bankans sem ábyrgist þau. Stúdentaráð krefst þess að allir geti tekið lán án ábyrgðarmanns og stúdentar þurfi ekki lengur að styrkja bankastofnanir.

STÚDENTARÁÐ VILL MÁNAÐARLEGAR GREIÐSLUR NÁMSLÁNA

Engir nema stúdentar þurfa að sætta sig við að fá laun sín greidd út tvisvar á ári. Margir stúdentar semja við bankann sinn um yfirdráttarlán til þess að geta lífað skólaárið af og borga í staðinn himinháa yfirdráttarvexti sem skerða námslánin verulega þegar þau loksins fást greidd. Stúdentaráð vill að námslán verði greidd út mánaðarlega til þess að stúdentar þurfi ekki að taka yfirdráttarlán.



GERUM MENNTAMÁL

**AÐ KOSNINGAMÁLI
STEFNUSKRÁ STÚDENTARÁÐS
HÁSKÓLA ÍSLANDS**



SGV 2007